



Borgarráð

**Beiðni Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis um samstarf við Reykjavíkurborg vegna Skjólgarða, búsetuúrræða fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd**

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela umhverfis- og skipulagssviði í samráði við velferðarsvið, skóla- og fristundasvið og mannréttindaskrifstofu að taka til umfjöllunar og eiga viðræður við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um óskir þess um staðsetningu á Skjólgörðum, búsetuúrræði fyrir umsækjendur um Alþjóðlega vernd, sbr. meðfylgjandi erindi. Í undirbúningnum felst meðal annars að kalla fram stöðumat stjórnvalda og spár um móttöku flóttafólks, ólík búsetuúrræði og framtíðarsýn um þjónustu og hvaða hlut þau tímabundnu búsetuúrræði, Skjólgarðar, sem óskað er samstarfs um eiga í heildarmyndinni. Þá setji Reykjavíkurborg fram sýn á þann aðbúnað og umhverfi sem þarf að tryggja, bæði skipulagslega, félagslega og varðandi þjónustu til að uppbygging búsetuúrræðanna verði farsæl. Leitað verði þekkingar og fordæma innan lands og utan.

Greinargerð:

Í kjölfar aukins fjölda flóttafólks frá Úkraínu og öðrum ríkjum til landsins hefur félags- og vinnumarkaðsráðherra óskað eftir að hafinn verði undirbúningur að reisa svokallaða skjólgarða (einingabyggðir) fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd líkt og önnur ríki Evrópu hafa gert. Gert er ráð fyrir að hver skjólgarður rúmi allt að 250 umsækjendur um alþjóðlega vernd. Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir mun sjá um að óska eftir tilboðum í einingarnar sjálfar. Í bréfi ráðuneytisins segir að um tímabundin úrræði er að ræða í allt að fjögur ár.

Ætlunin er að tryggja að í tengslum við Skjólgarða sé „félagsrými fyrir fullorðna, félags- og kennslurými fyrir börn, aðstaða fyrir starfsmenn, aðstaða fyrir starfsmenn“ og fleira. Þá er lögð áhersla á nálægð við verslun og þjónustu, einkum matvöruverslun, og að auðvelt aðgengi sé að almenningssamgöngum. Lóðirnar megji ekki vera innan skilgreinds iðnaðarsvæðis. Skjólgarðar eru hugsaðir sem tímabundin lausn meðan aðrir möguleikar til búsetu flóttafólks eru takmarkaðir.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis – Búsetuúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, dags. 12. apríl 2023.



Stjórnarráð Íslands  
Félags- og vinnu-  
markaðsráðuneytið

frn@frn.is  
545 8100

Síðumúla 24,  
108 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavíkurborg  
B.t. Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík 12. apríl 2023  
Tilv.: FRN23030092/06.35.03

Efni: Búsetuúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Innrás Rússa í Úkraínu hefur m.a. leitt af sér stórauðinn fjölda flóttafólks frá Úkraínu hingað til lands og samtímis hefur straumur flóttafólks til landsins frá öðrum ríkjum aukist vegna átaka og ókyrrðar víða um heim. Fyrstu mánuðina eftir að afleiðingar innrásarinnar í Úkraínu fóru að koma til tókst stjórnvöldum hér á landi í góðu samstarfi við sveitarfélögin, m.a. Reykjavíkurborg, að útvega búsetuúrræði fyrir flóttafólkið en mjög hefur þrengrt að hvað varðar möguleika í þeim efnum eftir því sem óvissuástandið hefur varað lengur.


Af þessum ástæðum hefur félags- og vinnumarkaðsráðherra óskað eftir því að hafinn verði undirbúningur að því að reisa svokallaða skjólgarða (einingabyggðir) fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd líkt og önnur ríki víða í Evrópu hafa verið að gera. Eru slíkar byggðir hugsaðar sem tímabundin lausn meðan aðrir möguleikar til búsetu flóttafólks eru takmarkaðir líkt og staðan er í dag.

Gert er ráð fyrir að hver skjólgarður rúmi allt að 250 umsækjendur um alþjóðlega vernd en miðað er við blandað fjölskyldumynstur í hverri byggð. Jafnframt er gert ráð fyrir að í hverri byggð verði á bilinu 80-85 búsetueiningar og að mögulegt sé að hafa byggðina annaðhvort á einni hæð eða á tveimur hæðum. Þá þarf að gera ráð fyrir að í þjónustubyggingum við hverja byggð sé félagsrými fyrir fullorðna, félags- og kennslurými fyrir börn, aðstaða fyrir starfsmenn sem sinna þjónustu við íbúana og aðstaða fyrir öryggisvörð sem hefur það hlutverk að tryggja öryggi íbúanna.

Ráðuneytið gerir sér grein fyrir að líklega þurfi að undirbúa sérstaklega lóðir vegna uppsetningu framangreindra byggða en gera verður ráð fyrir að það sé kostur ef ekki er langt í tengingu við fráveitukerfi og flutningskerfi vatns sem og rafmagns. Þá er æskilegt að lóðirnar séu í nálægð við verslun og þjónustu, einkum matvöruverslun, og að auðvelt aðgengi sé að almenningssamgöngum. Lóðirnar mega þó ekki vera innan skilgreinds iðnaðarsvæðis.

Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir mun sjá um að óska eftir tilboðum í einingarnar sjálfar en m.a. er lagt upp með að einingarnar verði auðveldar í uppsetningu og að auðvelt verði að flytja þær brott eftir notkun.

Í ljósi framangreinds óskar félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hér með eftir því við Reykjavíkurborg að borgin skoði möguleika hvað varðar lóð innan borgarmarkanna fyrir einingabyggð í samræmi við framangreint en gert er ráð fyrir að um tímabundið úrræði verði að ræða í allt að fjögur ár. Ráðuneytið biður þess að erindi þetta fái meðferð innan sveitarfélagsins svo fljót sem verða má og lýsir sig vitaskuld reiðubúið til hvaða samtals og samstarfs sem nauðsyn krefur til þess að svo geti orðið.

  
Gissur Pétursson



  
Bjarnheiður Gautadóttir